

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins þann 1. ágúst 2007 samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Lóðin Fálkavöllur 7 er stækkuð. Byggingarreitum á lóðinni Fálkavelli 7 er breytt. Byggingarreitur fyrir einnar hæðar hús er stækkaður og nýr reitur er gerður fyrir þriggja hæða hús/skrifstofuhús. Ný lóð nr. 11 er skilgreind fyrir varaafsstöð. Ný lóð nr. 19 er skilgreind fyrir opinbera þjónustu, aðstaða almanna. Vegur að hliði á innri girðingu er breikkaður.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir deiliskipulagsuppráttinn sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og gerir ekki athugasemd við að tilkynningin um samþykkt hans verði birt í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagsupprátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis og öðlast þegar gildi.

Keflavíkurflugvelli, 15. október 2007.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli,

Björn Ingi Knútsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. október 2007